



## Minnisblöð frá október 1948

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

*Utanríkismál. Minnisblöð og minnispunktar Bjarna Benediktssonar 1947-1960:  
Bréfa- og málasafn 1948  
Askja 2-10, Örk 4*

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## TRÚNADARMÁL

Föstudaginn 8. október 1948 kom sendiherra Bandaríkjanna, Mr. Butrick, á skrifstofu mína samkv. ósk sinni.

Erindi hans var að spyrja mig hvað liði ákvörðun íslenzku stjórnarinnar varðandi beiðni Bandaríkjastjórnar um stækkun á flugbrautunum í Keflavík. Hann sagði að nú hefði stjórnin haft málid til athugunar í þrjá og hálfan mánuð og væri því ekki óeðlilegt, að spurt væri eftir svari.

Ég sagði, að stjórnin hefði ekki haft málid til athugunar nýlega enda hefði ég verið að bíða eftir, hvort að ég heyrði nokkrar undirtektir frá honum um uppástungu eða hugmynd þá, sem Eysteinn Jónsson hefði sett fram við hann, Mr. Butrick, á dögunum, p.e.a.s. ~~et~~ Bandaríkjamenn ábyrgðust hér tjón ef til ófriðar kæmi.

Mr. Butrick sagðist ekki hafa fengið neinar undirtektir um þetta. Hann hefði getið þessarar hugmyndar í bréf til Mr. Hulley, en ekki fengið neitt svar, enda vissi hann ekki til að Bandaríkjastjórn hefði leynilega samninga við neitt ríki.

Ég skaut fram að sjálfsgagt væri samkomulag (understanding) milli stjórnna varðandi ýmis atriði og það gæti eins orðið um þetta. Hann játaði því, en sagði að ef svo ætti að vera þyrfти að taka þetta mál upp á herra sviði, p.e.a.s. þá væri nauðsynlegt að utanríkisráðherrann íslenzki setti sig í beint samband við utanríkisráðherra Bandaríkjanna; fari t.d. að hitta hann eða forseti Íslands hefði beint samband við forseta Bandaríkjanna.

þú Pégar kvaðst Mr. Butrick ekki sjá, hvaða ástæða væri til að taka þetta mál upp í sambandi við stækkun flugbrautanna. Ég sagði að það kynni að vera tvær ástaður til þess; önnur sú, að ~~XXIX~~ <sup>stjórnun</sup> hefðu verið óánægðir með flugvallarsamninginn á sinum tíma og talið að einhverja

slíka ábyrgð vantaði í hann. enda hefðu sumir af alþingismönnum núverandi stjórnar á Alþingi beinlinis greitt atkvæði á móti samningnum og væri ekki óeðlilegt <sup>at því</sup> vildu, ef ný leyfi ætti að veita, ~~at~~ láta laga samninginn varðandi slík höfuðatriði. Auk þess sem því væri haldið fram, að meiri hætta skapaðist hér ef flugbrautirnar yrðu lengdar heldur en ef núverandi ástand væri látið óbreytt.

Ræddum við nokkuð um málið á sömu línum og áður. Eg sagðist skyldu taka málið upp í stjórninni í dag og segja, að sendiherrann hefði "pressed for an answer", en sendiherrann leiðrétti þá og sagði, að það væri ekki meininingin heldur einungis að hann hefði spurt. Eg létt glögglega koma fram, að jafnvel þeir sem gætu hugsað sér að leyfa þetta, ef óhákvæmilegt væri talið, vildu þó langhelst vera lausir við það vegna margháttar óþæginda sem af því stafaði.